



Alþingi
Erindi nr. P 141/64
komudagur 9.10.2012

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 8. október 2012

1210006SA TP
Málalykill: 110

Efni: Frumvarp um breytingar á lögum um kosningar til Alþingis og sveitarstjórna - 180. mál 141. lþ.

Vísað er til tölvupósts frá nefndarsviði Alþingis, dags. 28. september sl., þar sem ofangreint þingmál var sent til umsagnar hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Vegna anna við önnur mál náðist ekki að ljúka yfirferð málsins af hálfu sambandsins fyrir lok umsagnarfrests sem ákveðinn var 5. október, en umsögnin er send hér með í trausti þess að hún nái inn á nefndarfund fyrir afgreiðslu málsins, en stefnt mun að flýtaafgreiðslu til þess að ákvæði nýrra laga, ef samþykkt verða, geti komið til framkvæmda við þjóðaratkvæðagreiðsluna þann 20. október nk.

Ágæt umfjöllun er um tildrög frumvarpsins í greinargerð og athugasemdum og virðist réttarþróun á Norðurlöndum hafa beinst í þá átt sem frumvarpið gerir tillögu um. Athyglisvert er þó að Danir og Svíar ganga ekki jafnlangt í því og ákvæði frv. að fulltrúi kjósanda komi í stað þess opinbera sýslunarmanns sem er fulltrúi í kjörstjórn. Virðist mega ætla að ástæðan fyrir þeirri varúð sem viðhöfð er í kosningalöggjöf þessara landa, sé m.a. sú að sporna gegn þeirri hættu sem vissulega er opnað fyrir varðandi misbeitingu af hálfu aðstoðarmanns. Í frv. eru slegnir ákveðnir varnaglar til þess að koma í veg fyrir slík tilvik en velta má því upp hvort þeir gangi nægjanlega langt.

Sambandinu er einnig kunnugt um spurningar sem varða hvort sú skipan sem frv. gerir ráð fyrir standist gagnvart 31. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem fjallað er um leynilegar kosningar. Ástæða er til þess að hálfu stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar að kalla eftir áliti, t.d. frá Lagastofnun Háskóla Íslands, um það efni áður en frumvarpið er tekið til endanlegrar afgreiðslu.

Tekið skal skýrt fram að sambandið gerir fyrir sitt leyti ekki athugasemd við að frumvarpið nái fram að ganga. Verði af lögfestingu í tæka tíð fyrir þjóðaratkvæðagreiðsluna, er hins vegar einsýnt að kynna verði þetta nýja fyrirkomulag vel og vandlega fyrir þeim sem starfa munu í kjörstjórnnum þann 20. október. Áriðandi er að kynningarefni sé tiltækt fyrir kjörstjórnir og hugað að því að allir hlutaðeigandi fái viðeigandi fræðslu. Einboðið er að tekið verði tillit til þeirrar vinnu sem þetta útheimtir þegar ráðuneytið ákvarðar framlög til sveitarfélaganna vegna atkvæðagreiðslunnar.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri

Afrit: Innanríkisráðuneytið